



▶ Hvað er LUKR?

Landupplýsingakerfi Reykjavíkur, skammstafað LUKR, er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Landssímans um að koma á fót og reka samræmt og samtengt landupplýsingakerfi fyrir alla borgina. [Landupplýsingadeild - LUKR](#), hjá Framkvæmdasviði Reykjavíkur, er í forsvari fyrir LUKR og veitir nánari upplýsingar ef þörf gerist.

Landupplýsingakerfi (einnig nefnd landfræðileg upplýsingakerfi) eru tölvakerfi, ætluð til innsetningar, samtengingar og úrvinnslu á bæði myndrænum gögnum og textagögnum, sem hafa það sameiginlegt að tengjast ákveðnum stöðum eða svæðum. Á erlendum málum er venjulega notuð skammstöfunin GIS (enska: Geographical Information System) um slík kerfi, en LUK á íslensku.

Gagnasöfn LUKR eru nú orðin mjög yfirgripsmikil og stöðugt bætist við þau. Þau skiptast í mörg s.k. "[gagnabemu](#)", sem hvert um sig geymir upplýsingar um ákveðna tegund landupplýsinga, t.d. götukanta, byggingar, lóðamörk, hæðarlínur o.s.frv. Upplýsingunum má skipta í annars vegar grafískar upplýsingar og hins vegar tengdar upplýsingar ("eigindir"). Útlínur húss með staðsetningum í hnitakerfi borgarinnar er dæmi um hið fyrrnefnda, en ýmsar upplýsingar, sem tengjast húsinu eru dæmi um hið síðarnefnda.

Gerðir hafa verið samstarfsamningar við nokkra af þeim gagnaframleiðendum, sem mikil samskipti hafa við aðildarstofnanir LUKR og má búast við að fleiri samstarfsaðilar eigi eftir að bætast við. Einnig eiga aðilar LUKR vaxandi samskipti við ýmsa notendur LUKR-gagna, bæði fyrirtæki og einstaklinga og er sýnt að þessi þáttur á eftir að verða sífellt veigameiri þáttur starfsemi LUKR á komandi árum.

LUKR hefur frá fyrstu tíð verið í hópi fremstu landupplýsingakerfa í heiminum og unnið til ýmissa verðlauna og viðurkenninga. Ástæðan m.a. sú að í LUKR fer saman viðtæk samvinna á milli stofnana og fyrirtækja, mikil gæði gagna og aðgengi almennings og ávallt hefur verið notaður nýjasti og besti fánlegi hugbúnaður, enda hafa borgaryfirvöld jafnan staðið þétt að baki LUKR.

Hinn 29. júní 2000 tóku fulltrúar LUKR á móti viðurkenningu fyrir "[Special Achievement in GIS](#)" eða "Sérstaklega árangursríkt landupplýsingakerfi" á árlegri ráðstefnu um landfræðilegar upplýsingar og landupplýsingakerfi í San Diego í Kaliforníu. Ráðstefnan er haldin á vegum ESRI, *Environmental Systems Research Institute*, sem er stærsti framleiðandi hugbúnaðar á þessu sviði í heiminum og hefur verið í fararbroddi á þessu sviði frá upphafi. Ráðstefnuna sóttu 11 til 12 þúsund manns frá yfir 100 löndum. LUKR var ásamt nokkrum öðrum kerfum valið úr hópi 60.000 kerfa víðs vegar um heiminn og er þetta talinn vera mikill heiður og ánægjulegt að þetta skuli hafa átt sér stað einmitt þegar Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu.

▶ Nánar um LUKR

LUKR var brautryðjandi landupplýsingakerfa hér á landi og á árinu 2005 eru 17 ár liðin frá stofnun þess. LUKR er mikilvægt fyrir stjórnendur borgarinnar vegna upplýsingagjafar, kortagerðar o.fl. og við dagleg störf á hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar. Þar má einnig nefna Borgarsjá sem sækir upplýsingar sínar í LUKR og tvinnar saman við aðra gagnagrunna. Einnig notar fjöldi almennra borgara og fyrirtækja kort og önnur gögn úr LUKR, bæði til upplýsingar og sem undirstöðu undir sérhæfð kerfi.

[Borgarvefsjáin](#), sem má segja að sé vefútgáfa Borgarsjár, gegnir þarna veigamiklu hlutverki en hún fær nú 8.-12.000 heimsóknir mánaðarlega og veitir fjölbreyttar upplýsingar. Má þar nefna hverfaskiptingu borgarinnar, upplýsingar um nýframkvæmdir og viðhald, minjavernd og svæðisskipulag svo fátt eitt sé nefnt. LUKRið er mikið notað af ráðgjöfum, tæknifólki og öðrum sem vinna að undirbúningi ýmiskonar framkvæmda.

▶ Aðilar LUKR

Borgarstofnanirnar, sem hafa frá upphafi verið þátttakendur í LUKR, eru: [Framkvæmdasvið Skipulags- og byggingarsvið Orkuveita Reykjavíkur](#) [Landssíminn](#) hefur einnig verið þátttakandi í LUKR frá upphafi. Framantaldar stofnanir skipta á milli sín eftir fyrirfram ákveðinni reglu sameiginlegum stofn- og rekstrarkostnaði LUKR og tekjum.